



Til framkvæmdastjóra/oddvita sveitarfélaga

Reykjavík, 13.12.2022.

Í tilefni af því að lög um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 sem fjalla um barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar koma til framkvæmda 1. janúar 2023 hafa sveitarfélög unnið að endurskoðun samþykktu um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélaga, einkum framsetningu á valdframsali til tilgreindra starfsmanna barnaverndarþjónustu, til fullnaðarafgreiðslu mála, og eftir atvikum samninga um samvinnu sveitarfélaga um barnaverndarþjónustu. Í ljósi fyrirspurna sem innviðaráðuneytinu og mennta- og barnamálaráðuneytinu hafa borist vegna þessa óska ráðuneytin eftir að koma á framfæri eftirfarandi leiðbeiningum til sveitarstjórna.

Fastanefnd falin yfirstjórn barnaverndarþjónustu

Sveitarstjórnir geta falið fastanefnd að fara með yfirstjórn barnaverndarþjónustu í samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélags sem sveitarstjórn setur eða í viðauka við hana, sbr. 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Þannig geta sveitarstjórnir falið t.d. félagsmálanefnd/velferðarnefnd að fara með yfirstjórn barnaverndarþjónustu, þar sem fram fer almenn umfjöllun um t.d. stefnu í barnavernd, framkvæmdaáætlun, fjármál og fleira. Auk þess getur sveitarstjórn falið nefndinni heimild til að afla upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir yfirstjórn hennar t.d. í tengslum við eftirlit Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála.

Framsal á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála

Kveða skal á um í samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélags að vald til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt barnaverndarlögum er falið einum eða fleiri út hópi starfsfólks barnaverndarþjónustu eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum. Í samræmi við almenn ákvæði um framsal á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála í sveitarstjórnarlögum, sbr. 42. gr. laganna, skulu framsalsheimildir ítarlega útfærðar í samþykkt um stjórn eða stjórnarsýslu sveitarfélags. Þannig verður samþykktin sjálf að geyma eiginlega ákvörðun um framsal valds til fullnaðarákvörðunar og þar með að hægt sé að ráða af samþykktinni sjálfri hvaða fullnaðarákvarðanir það eru sem tilgreindur starfsmaður má taka.

Með hliðsjón af framangreindu, og í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem liggja baki því að valdbærni til töku ákvarðana í barnavernd sé óumdeild, er það afstaða ráðuneytanna að í samþykkt um framsal á valdi til starfsfólks barnaverndarþjónustu til fullnaðarafgreiðslu mála þurfi að skilgreina þá tilteknu starfsmenn barnaverndarþjónustu sem hafa slíkar valdheimildir, t.d. starfsmenn sem hafa tiltekið starfsheiti, s.s. forstöðumaður, skrifstofustjóri, deildarstjóri, ráðgjafi I, ráðgjafi II, o.s.frv. Til nánari skýringar má nefna sem dæmi ákvæði í samþykkt þar sem talin eru upp starfsheiti þeirra starfsmanna sem hafa heimild til að fullnaðarafgreiða mál, sbr. eftirfarandi:

Forstöðumaður/framkvæmdastjóri er starfandi forstöðumaður/framkvæmdastjóri á hverjum tíma.

Ráðgjafi er starfsmaður sem starfar á skrifstofu barnaverndarþjónustu og telst sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Um er að ræða starfsmenn sem bera eftirfarandi starfsheiti:

Lögfræðingur er lögfræðimenntaður starfsmaður barnaverndarþjónustu sem ber starfsheitið

.....

Ekki er fullnægjandi að vísa almennt til starfsfólks barnaverndarþjónustu. Þar sem fullnaðarákvarðanir sem teknar eru sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, skal í samþykkt einnig mæla fyrir



um málsmeðferð þegar beiðni um endurupptöku er lögð fram, fyrst og fremst til að taka af vafa um hver eigi að afgreiða endurupptökuna. Er að jafnaði miðað við að slík beiðni sé afgreidd af öðrum en þeim sem tók hina upphaflegu ákvörðun. Jafnframt skal í samþykkt mæla fyrir um að við birtingu ákvörðunar sé kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli 12. gr. barnaverndarlaga og samþykktarinnar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga. Sjá til hliðsjónar auglýsingu nr. 1180/2021, auglýsing um fyrirmynd af samþykkt um stjórn sveitarfélags, sbr. 54. gr., sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda.

Samvinna sveitarfélaga um barnaverndarþjónustu

Í umdæmi hverrar barnaverndarþjónustu skulu vera í það minnsta 6000 íbúar. Sveitarfélög hafa samvinnu um barnaverndarþjónustu í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, sbr. 2. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Í ljósi eðlis þess starfs sem fram fer hjá barnaverndarþjónustu getur samvinna sveitarfélaga aðeins farið fram á vegum byggðasamlags, sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga eða á þann hátt að eitt sveitarfélag tekur að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga. Samninga um samvinnu sveitarfélaga vegna barnaverndarþjónustu skal senda til staðfestingar mennta- og barnamálaráðherra, sbr. 4. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Til frekari leiðbeiningar um inntak slíkra samninga að því er varðar sjónarmið sveitarstjórnarréttar er bent á [leiðbeiningar](#) samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í máli nr. SRN17120082 frá 20. ágúst 2020.

Umdæmisráð barnaverndar

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga ber sveitarstjórn ábyrgð á að skipa í umdæmisráð barnaverndar til fimm ára í senn. Þrír skulu sitja í umdæmisráði, einn félagsráðgjafi, einn lögfræðingur og einn sálfræðingur og skulu þeir hafa reynslu af störfum í barnavernd. Um er að ræða nýja einingu innan stjórnkerfis sveitarfélaga sem er ætlað að tryggja faglega meðferð barnaverndarmála hjá sveitarfélögum. Umdæmisráð taka við ákveðnu hlutverki núverandi barnaverndarnefnda. Ráðunum er falið að kveða upp úrskurði í barnaverndarmálum þar sem mest reynir á faglega þekkingu. Sveitarfélög geta gert samning sín á milli um samstarf um umdæmisráð í samræmi við ákvæði þetta. Í samningi skal í það minnsta koma fram hvernig ráðið skuli skipað, hvernig kostnaður við ráðið skiptist milli sveitarfélaga, hvernig sé að öðru leyti búið að umdæmisráði og hvernig fara skuli um skipun nýs ráðsmanns skv. 3. mgr.

Dæmi um framsetningu í samþykkt um stjórn sveitarfélags, nánar tiltekið í ákvæði þar sem fjallað er um fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að er :

Félagsmálanefnd/-ráð. Sveitarstjórn ræður fjölda fulltrúa en aðalmenn skulu a.m.k. vera þrír og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Minnst fimm nefndarmenn skulu kjörnir ef félagsmálanefnd eru falin verkefni á grundvelli barnaverndarlaga.

Umdæmisráð barnaverndar. Sveitarstjórn skipar í umdæmisráð barnaverndar skv. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ef óskað er nánari upplýsinga er sveitarfélögum bent á að hafa samband við Hafðísi Gísladóttur, lögfræðing í innviðaráðuneytinu, hafdis.gisladottir@irn.is, eða Silju Stefánsdóttur, lögfræðing í mennta- og barnamálaráðuneytinu, silja.stefansdottir@mrn.is.

Innviðaráðuneytinu, 13. desember 2022.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 13. desember 2022.

F. h. r.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Anna Tryggvadóttir.